

VIÐAUKI I
SAMANTEKT Á EIGINLEIKUM LYFS

▼ Þetta lyf er undir sérstöku eftirliti til að nýjar upplýsingar um öryggi lyfsins komist fljótt og örugglega til skila. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu. Í kafla 4.8 eru upplýsingar um hvernig tilkynna á aukaverkanir.

1. HEITI LYFS

Esperoct 500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Esperoct 1.000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Esperoct 1.500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Esperoct 2.000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Esperoct 3.000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Esperoct 4.000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn
Esperoct 5.000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

2. INNIHALDSLÝSING

Esperoct 500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas með stungulyfsstofni inniheldur 500 a.e. af turoctocog alfa pegol*.
Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn u.þ.b. 125 a.e. af turoctocog alfa pegol.

Esperoct 1.000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas með stungulyfsstofni inniheldur 1.000 a.e. af turoctocog alfa pegol*.
Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn u.þ.b. 250 a.e. af turoctocog alfa pegol.

Esperoct 1.500 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas með stungulyfsstofni inniheldur 1.500 a.e. af turoctocog alfa pegol*.
Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn u.þ.b. 375 a.e. af turoctocog alfa pegol.

Esperoct 2.000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas með stungulyfsstofni inniheldur 2.000 a.e. af turoctocog alfa pegol*.
Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn u.þ.b. 500 a.e. af turoctocog alfa pegol.

Esperoct 3.000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas með stungulyfsstofni inniheldur 3.000 a.e. af turoctocog alfa pegol*.
Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn u.þ.b. 750 a.e. af turoctocog alfa pegol.

Esperoct 4.000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas með stungulyfsstofni inniheldur 4.000 a.e. af turoctocog alfa pegol*.
Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn u.þ.b. 1.000 a.e. af turoctocog alfa pegol.

Esperoct 5.000 a.e. stungulyfsstofn og leysir, lausn

Hvert hettuglas með stungulyfsstofni inniheldur 5.000 a.e. af turoctocog alfa pegol*.
Eftir blöndun inniheldur 1 ml af lausn u.þ.b. 1.250 a.e. af turoctocog alfa pegol.

Virknin í alþjóðlegum einingum (a.e.) er ákvörðuð með því að nota litmyndunarpróf samkvæmt evrópsku lyfjaskránni. Eðlisvirkni turoctocog alfa pegol er u.þ.b. 9.500 a.e./mg próteins.

Virka efnið turoctocog alfa pegol er samgild samtenging af próteininu turoctocog alfa* og 40 kDa pólýetýlenglýkóli (PEG).

*Manna storkupáttur VIII, framleiddur með raðbrigða DNA-erfðatækni með frumulínu úr eggjastokkum kínverskra hamstra, og engin aukaefni frá mönnum eða úr dýraríkinu eru notuð í frumuræktun, hreinsun, samtengingu eða samsetningu Esperoct.

Hjálparefni með þekkta verkun

Hvert blandað hettuglas inniheldur 30,5 mg af natríum (sjá kafla 4.4).

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Stungulyfsstofn og leysir, lausn.

Stofninn er hvítur eða beinhvítur.
Leysirinn er tær og litlaus.

pH-gildi: 6,9.
Osmólalstyrkur: 590 mOsmol/kg.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Meðferð og fyrirbyggjandi meðferð við blæðingum hjá sjúklingum með dreyrasyki A (meðfæddan skort á storkupætti VIII).

Nota má Esperoct hjá öllum aldurshópum.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Meðferð skal hefja undir eftirliti læknis með reynslu í meðferð dreyrasyki.

Eftirlit með meðferð

Meðan á meðferð stendur er mælt með því að gerðar séu viðeigandi mælingar á virknistigi storkupáttar VIII til að nota sem viðmið þegar breytingar eru gerðar á skammtaáætlun Esperoct, ef þörf krefur. Svörun við storkupætti VIII getur verið mismunandi milli sjúklinga, bæði hvað varðar helmingunartíma og stigvaxandi endurheimt. Skömmtum sem miðaðir eru við líkamsþyngd gæti þurft að breyta hjá sjúklingum í undir- eða yfirþyngd. Þegar um er að ræða stærri skurðaðgerðir er nauðsynlegt að hafa eftirlit með uppbótarmeðferð með storkupætti VIII með mælingum á virkni storkupáttar VIII í plasma.

Virgni storkupáttar VIII í Esperoct er hægt að mæla með hefðbundnum prófunum á storkupætti VIII, litmyndunarprófi annars vegar og eins stigs storkuprófi hins vegar.

Þegar notað er eins stigs storkupróf byggt á *in vitro* tromboplastíntíma (aPTT) til að ákvarða virgni storkupáttar VIII í blóðsýnum sjúklings geta virkniniðurstöður storkupáttar VIII í plasma orðið fyrir töluverðum áhrifum af bæði tegund aPTT hvarfefnis og viðmiðunarstaðlinum sem notaður er í greiningunni.

Þegar eins stigs storkupróf er notað skal forðast tiltekna hvarfmiðla sem byggðir eru á kísiltvíoxíðgrunni þar sem þeir valda vanmati. Einnig getur verið töluvert misræmi milli niðurstaðna greininga sem fást með eins stigs storkuprófi byggðu á aPTT og litmyndunarprófi samkvæmt Ph.Eur.

Þetta er mikilvægt, sérstaklega þegar skipt er um rannsóknastofu og/eða hvarfmiðla sem notuð eru í greiningunni.

Skammtar

Skammtur, tíðni skammta og lengd uppbótarmeðferðar veltur á því hversu alvarlegur skortur á storkupætti VIII er, staðsetningu og umfangi blæðingar, virknistigi storkupáttar VIII sem er ætlunin að nota og klínísku ástandi sjúklingsins. Fjöldi eininga sem gefnar eru af storkupætti VIII er tilgreindur í alþjóðlegum einingum (a.e.), sem tengjast gildandi þéttmistaðli Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) fyrir lyf sem innihalda storkupátt VIII. Virkni storkupáttar VIII í plasma er tilgreind annaðhvort sem hundraðshluti (í hlutfalli við eðlileg gildi í plasma hjá mönnum) eða í alþjóðlegum einingum á dl (sbr. gildandi alþjóðlegan staðal fyrir storkupátt VIII í plasma).

Virgni einnar alþjóðlegrar einingar (a.e.) af storkupætti VIII svarar til magns af storkupætti VIII í einum ml af plasma úr mönnum.

Meðferð eftir þörfum og meðhöndlun blæðingatilfella

Útreikningur á nauðsynlegum skammti af storkupætti VIII er byggður á þeirri reynslu að 1 alþjóðleg eining (a.e.) af storkupætti VIII á hvert kg líkamsþyngdar eykur virkni storkupáttar VIII í plasma um 2 a.e./dl.

Nauðsynlegur skammtur er ákvarðaður með því að nota eftirfarandi jöfnu:

Nauðsynlegar einingar (a.e.) = líkamsþyngd (kg) x æskileg hækkun á storkupætti VIII (%) (a.e./dl) x 0,5 (a.e./kg á hverja a.e./dl).

Magn sem gefa á og tíðni lyfjagjafa skal ávallt taka mið af klínísku notagildi í hverju einstöku tilviki.

Leiðbeiningar varðandi skammtastærðir Esperoct í meðferð eftir þörfum og meðhöndlun blæðingatilfella er að finna í töflu 1. Virknistigi storkupáttar VIII í plasma skal viðhalda við eða fyrir ofan tilgreind gildi í plasma (í a.e./dl eða % af eðlilegu gildi). Við meðhöndlun blæðinga má gefa að hámarki stakan skammt af Esperoct sem nemur 75 a.e./kg og heildarskammt sem nemur að hámarki 200 a.e./24 klst.

Tafla 1 Leiðbeiningar varðandi meðhöndlun blæðingatilfella með Esperoct

Stig blæðingar	Nauðsynlegt gildi storkupáttar VIII (a.e./dl eða % af eðlilegu gildi) ^a	Tíðni skammta (klst.)	Tímalengd meðferðar
Væg Byrjandi liðblæðing, væg blæðing í vöðva eða væg blæðing í munnholi	20-40	12-24	Þar til blæðingin stöðvast
Miðlungsmikil Alvarlegri liðblæðingar, blæðingar í vöðva eða margúll (haematoma)	30-60	12-24	Þar til blæðingin stöðvast
Alvarlegar eða lífshættulegar blæðingar	60-100	8-24	Þar til hættan er liðin hjá

^a Nauðsynlegur skammtur er ákvarðaður með því að nota eftirfarandi jöfnu:

Nauðsynlegar einingar (a.e.) = líkamsþyngd (kg) x æskileg hækkun á storkupætti VIII (%) (a.e./dl) x 0,5 (a.e./kg á hverja a.e./dl).

Meðferð blæðingar í aðgerð

Skammtastærð og tíðni skammta fyrir skurðaðgerðir ræðst af aðgerðinni og staðbundnum meðferðarvenjum. Gefa má að hámarki stakan skammt af Esperoct sem nemur 75 a.e./kg og heildarskammt sem nemur að hámarki 200 a.e./kg/24 klst.

Tíðni skammta og lengd meðferðar skal ávallt laga að klínískri svörun hvers einstaklings.

Tafla 2 innheldur almennar leiðbeiningar varðandi skammtastærð Esperoct við meðferð blæðingar í aðgerð. Stefna skal að því að viðhalda virkni storkuþáttar VIII við eða fyrir ofan marksviðið.

Tafla 2 Leiðbeiningar varðandi skammtastærð Esperoct við meðferð blæðingar í aðgerð

Tegund skurðaðgerðar	Nauðsynlegt gildi storkuþáttar VIII (%) (a.e./dl) ^a	Tíðni skammta (klst.)	Tímalengd meðferðar
Minni skurðaðgerð Þar með talið tanndráttur	30-60	Innan einnar klst. áður en skurðaðgerð fer fram Endurtakið eftir 24 klst. ef þörf krefur	Stakur skammtur eða endurtekin inndæling á 24 klst. fresti í að minnsta kosti 1 dag þar til sár hefur gróið
Stór skurðaðgerð	80-100 (fyrir og eftir aðgerð)	Innan einnar klst. áður en skurðaðgerð fer fram til að virkni storkuþáttar VIII nái að vera innan marksviðsins Endurtakið á 8 til 24 klst. fresti til að virkni storkuþáttar VIII haldist innan marksviðsins	Endurtakið inndælingu á 8 til 24 klst. fresti eins og þörf krefur þar til sár hefur gróið nægjanlega vel Íhugið að halda áfram meðferð í 7 daga til viðbótar til að viðhalda virkni storkuþáttar VIII í 30% til 60% (a.e./dl)

^a Nauðsynlegur skammtur er ákvarðaður með því að nota eftirfarandi jöfnu:

Nauðsynlegar einingar (a.e.) = líkamsþyngd (kg) x æskileg hækkun á storkuþætti VIII (%) (a.e./dl) x 0,5 (a.e./kg á hverja a.e./dl).

Fyrirbyggjandi meðferð

Ráðlagður skammtur fyrir fullorðna er 50 a.e. af Esperoct á hvert kg líkamsþyngdar á 4 daga fresti.

Íhuga má breytingar á skömmtum og tíðni skammta með hliðsjón af þeirri virkni storkuþáttar VIII sem náðst hefur og einstaklingsbundinni blæðingatilhneigingu.

Börn

Ráðlagður skammtur fyrir unglinga (12 ára og eldri) er sá sami og hjá fullorðnum.

Ráðlagður skammtur til fyrirbyggjandi notkunar hjá börnum yngri en 12 ára er 65 a.e. á hvert kg líkamsþyngdar (50-75 a.e./kg) tvisvar í viku. Íhuga má breytingar á skömmtum og tíðni skammta með hliðsjón af þeirri virkni storkuþáttar VIII sem náðst hefur og einstaklingsbundinni blæðingatilhneigingu.

Fyrir nánari upplýsingar varðandi börn, sjá kafla 4.4, 5.1 og 5.1.

Lyfjagjöf

Esperoct er til notkunar í bláæð.

Eftir blöndun stungulyfsstofnsins við 4 ml af meðfylgjandi leysi (natríumklóríð 9 mg/ml (0,9%) lausn til inndælingar) skal gefa Esperoct með inndælingu í bláæð (á u.þ.b. 2 mínútum).

Sjá leiðbeiningar í kafla 6.6 um blöndun lyfsins fyrir gjöf.

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnum sem talin eru upp í kafla 6.1.

Þekkt ofnæmisviðbrögð gegn próteini úr hömstrum.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Rekjanleiki

Til þess að bæta rekjanleika líffræðilegra lyfja skal heiti og lotunúmer lyfsins sem gefið er vera skráð með skýrum hætti.

Ofnæmi

Ofnæmisviðbrögð geta komið fram við notkun Esperoct. Lyfið inniheldur hamstraprótein í snefilmagni sem getur valdið ofnæmi hjá sumum sjúklingum. Ef ofnæmiseinkenni koma fram skal ráðleggja sjúklingum að hætta tafarlaust notkun lyfsins og hafa samband við lækinn. Upplýsa skal sjúklinga um fyrstu einkenni ofnæmisviðbragða, þ.m.t. ofsakláða, útbreiddan ofsakláða, þyngsli fyrir brjósti, önghljóð, lágþrýsting og bráðafnæmi.

Ef um lost er að ræða skal veita hefðbundna læknis meðferð við losti.

Hemlar

Myndun hlutleysandi mótefna (hemla) gegn storkupætti VIII er þekktur fylgikvilli meðferðar sjúklinga með dreyrasýki A. Oftast eru þessir hemlar IgG-mótefni sem beinast gegn storkunarvirkni storkupáttar VIII og magn þeirra er gefið upp sem fjöldi Bethesda-eininga (BE) í hverjum ml af plasma með því að nota aðlöguðu greininguna. Hættan á myndun hemla er tengd alvarleika sjúkdómsins sem og útsetningu fyrir storkupætti VIII. Mesta hættan er til staðar fyrstu 50 dagana eftir útsetningu en heldur áfram til æviloka þó að áhættan sé lítil.

Klínískt mikilvægi myndunar hemla fer eftir títra hemilsins, þar sem lágur títri hemla veldur minni hættu á ófullnægjandi klínískri svörun en hár títri.

Almennt skal fylgjast vandlega með myndun hemla hjá öllum sjúklingum í meðferð með lyfjum sem innihalda storkupátt VIII með viðeigandi klínískum skoðunum og prófum á rannsóknarstofum. Ef ekki næst sú virkni storkupáttar VIII í plasma, sem vænst er, eða ef ekki hefur tekist að ná stjórn á blæðingu með viðeigandi skammti, skal gera próf til að kanna hvort hemill storkupáttar VIII sé til staðar. Hjá sjúklingum sem hafa mikið magn af hemlum kann meðferð með storkupætti VIII að vera árangurslaus og íhuga skal önnur meðferðarúrræði. Meðferð slíkra sjúklinga skal vera undir stjórn læknis með reynslu af meðhöndlun dreyrasýki og hemla storkupáttar VIII.

Minnkuð virkni storkupáttar VIII hjá sjúklingum sem hafa fengið meðferð áður

Í tilkynningum eftir markaðssetningu hefur verið greint frá minnkaðri virkni storkupáttar VIII án greinanlegra hemla storkupáttar VIII hjá sjúklingum sem hafa fengið meðferð áður. Minnkuð virkni storkupáttar VIII kom fram þegar skipt var yfir í Esperoct og gæti, í sumum tilfellum, hafa verið tengd mótefnum gegn PEG. Íhuga skal viðeigandi mælingu á virkni storkupáttar VIII þegar skipt er um lyf. Sjá frekari upplýsingar í kafla 4.8.

Hjarta- og æðakvillar

Hjá sjúklingum með sögu um áhættuþætti í hjarta og æðum kann uppbótarmeðferð með storkupætti VIII að auka hættu á hjarta- og æðasjúkdómum.

Fylgikvillar tengdir æðalegg

Ef nota þarf miðlægan bláæðalegg (CVAD) skal íhuga hættu á fylgikvillum honum tengdum, svo sem staðbundnum sýkingum, bakteríublóðsmitun og segamyndun á staðnum þar sem æðalegg er komið fyrir.

Börn

Varnaðarorðin og varúðarreglurnar sem hér koma fram eiga bæði við um fullorðna og börn.

Minnkun á stigvaxandi endurheimt storkupáttar VIII hjá sjúklingum sem hafa ekki fengið meðferð áður

Í klínískum rannsóknum hefur sést minnkun á stigvaxandi endurheimt storkupáttar VIII án greinanlegra hemla storkupáttar VIII hjá 31 af 59 sjúklingum sem hafa ekki fengið meðferð áður. Þar af mældist lág stigvaxandi endurheimt einungis einu sinni hjá 14 sjúklingum en hjá 17 sjúklingum mældist stigvaxandi endurheimt 2 sinnum í röð eða oftar innan 5 til 10 útsetningardaga. Minnkun á stigvaxandi endurheimt var tímabundin og varð aftur $>0,6$ (a.e./dl)/(a.e./kg) innan 15 til 70 útsetningardaga. Minnkun á stigvaxandi endurheimt kom fram ásamt aukningu á and-PEG IgG títrum hjá sjúklingum sem höfðu ekki fengið meðferð áður án þess að mótefni gegn storkupætti VIII kæmu fram. Samfelld lág stigvaxandi endurheimt gæti hugsanlega tengst minnkaðri virkni. Mælt er með eftirliti með börnum, þ.m.t. eftirliti með virkni storkupáttar VIII í kjölfar lyfjagjafar. Ef ekki næst stjórn á blæðingu með ráðlögðum skammti af Esperoct og/eða virkni storkupáttar VIII nær ekki þeim gildum sem búist var við án hemla á storkupátt VIII skal íhuga að minnka skammtinn, fækka lyfjagjöfum eða stöðva meðferð.

Hjálparefni

Lyfið inniheldur 30,5 mg af natríum í hverju blönduðu hettuglasi, sem samsvarar 1,5% af daglegri hámarksinntöku natríums sem er 2 g fyrir fullorðna skv. ráðleggingum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO).

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Ekki hefur verið tilkynnt um milliverkanir lyfja sem innihalda manna storkupátt VIII (rDNA) við önnur lyf.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstgjöf

Ekki hafa verið gerðar æxlunarrannsóknir með storkupætti VIII á dýrum. Þar sem tíðni dreyrasyki A hjá konum er mjög lág er engin reynsla af notkun storkupáttar VIII á meðgöngu og meðan á brjóstgjöf stendur. Því skal aðeins nota storkupátt VIII á meðgöngu og meðan á brjóstgjöf stendur ef brýna nauðsyn ber til.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Esperoct hefur engin eða óveruleg áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Ofnæmi eða ofnæmisviðbrögð (sem kunna að fela í sér ofnæmisbjúg, sviða og stingi á innrennslisstað, kuldahroll, roða, útbreiddan ofsakláða, höfuðverk, ofsakláða, lágþrýsting, svefnhöfga, ógleði, óróleika, hraðtakt, þrengsli fyrir brjósti, náladofa, uppköst, önglhjóð) hafa mjög sjaldan komið fram og geta í einhverjum tilvikum þróast yfir í alvarleg bráðafnæmisviðbrögð (þar með talið lost).

Örsjaldan hefur orðið vart við mótefnamyndun gegn hamstrapróteinum og ofnæmisviðbrögð því tengd.

Myndun hlutleysandi mótefna (hemla) getur komið fram hjá sjúklingum með dreyrasýki A sem fá meðferð með storkupáttar VIII, þar á meðal með Esperoct. Ef slíkir hemlar myndast mun ástandið lýsa sér sem ófullnægjandi klínísk svörun. Í slíkum tilvikum er mælt með því að hafa samband við sérhæfða blæðaramiðstöð.

Tafla yfir aukaverkanir

Tíðni aukaverkana sem komu fram í sex klínískum rannsóknum á samtals 270 sjúklingum sem höfðu fengið meðferð áður og 81 sjúklingi sem hafði ekki fengið meðferð áður með svæsna dreyrasýki A (< 1% virkni innræns storkupáttar VIII), sem höfðu fengið meðferð áður og enga sögu um myndun hemla, má sjá í töflu 3. Flokkar aukaverkana í töflu 3 eru samkvæmt MedDRA-flokkunarkerfinu (flokkun eftir líffærum og staðalheiti).

Tíðni hefur verið metin samkvæmt eftirfarandi skilgreiningu: Mjög algengar ($\geq 1/10$); algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$); sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$); mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$); koma örsjaldan fyrir ($< 1/10.000$); tíðni ekki þekkt (ekki hægt að áætla tíðni út frá fyrirliggjandi gögnum).

Tafla 3 Tíðni aukaverkana í klínískum rannsóknum

Líffæraflokkur	Staðalheiti	Tíðni (hjá sjúklingum sem höfðu fengið meðferð áður)	Tíðni (hjá sjúklingum sem höfðu ekki fengið meðferð áður)
Blóð og eitlar	Hömlun á storkupáttar VIII*	Sjaldgæfar	Mjög algengar**
Húð og undirhúð	Kláði	Algengar	-
	Hörundsroði	Algengar	Algengar
	Útbrot	Algengar	Algengar
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Viðbrögð á stungustað***	Algengar	Algengar
Ónæmiskerfi	Lyfjaofnæmi	-	Algengar
	Ofnæmi	Sjaldgæfar	-
Rannsóknaniðurstöður	Lækkuð gildi storkupáttar VIII	Tíðni ekki þekkt****	-

* Borin voru kennsl á sjúkling með staðfesta hömlun á storkupáttar VIII með niðurstöðu á hemlaprófi sem var $\geq 0,6$ Bethesda einingar, staðfest í öðru sýni sem tekið var innan 2 vikna.

** Nær yfir sjúklinga með staðfesta hömlun á storkupáttar VIII meðal sjúklinga í hættu (með a.m.k. 10 útsetningardaga).

*** Staðalheiti sem flokkast undir viðbrögð á stungustað: Viðbrögð á stungustað, margúll í æð á stungustað, viðbrögð á innrennslisstað, roði á stungustað, útbrot á stungustað, verkur á stungustað og bólga á stungustað.

**** Byggt á tilkynningum eftir markaðssetningu.

Lýsing á völdum aukaverkunum

Hemlar storkupáttar VIII

Eitt staðfest tilvik með hemli storkupáttar VIII kom fram hjá 18 ára sjúklingi sem áður hafði fengið meðferð meðan á fyrirbyggjandi meðferð með Esperoct stóð. Sjúklingurinn var með umsnúning í innröð 2 í geni storkupáttar VIII og var í mikilli hættu á að mynda hemla storkupáttar VIII. Engin vísbending er um aukna hættu á myndun hemla storkupáttar VIII við meðferð með Esperoct borið saman við önnur lyf með storkupáttar VIII.

Mótefni gegn lyfi

Greint hefur verið frá einu tilvik af viðvarandi lyfjamótefnum samhliða staðfestri myndun hemils storkupáttar VIII (sjá *Hemlar storkupáttar VIII* framar). Þrír sjúklingar voru með skammvinnar

jákvæðar niðurstöður prófa fyrir lyfjamótefnum eftir gjöf Esperoct en ekki var hægt að staðfesta tengsl við aukaverkanir.

Mótefni gegn PEG

Í klínísku rannsóknaráætluninni voru þrjátíu og sjö sjúklingar með mótefni gegn PEG áður en Esperoct var gefið. Tuttugu af sjúklingunum 37 voru neikvæðir fyrir mótefnum gegn PEG eftir gjöf Esperoct. Sautján sjúklingar mynduðu í skamman tíma lágan títra mótefna gegn PEG. Ekki var hægt að staðfesta tengsl við aukaverkanir.

Í tilkynningum eftir markaðssetningu hefur einnig orðið vart við mótefni gegn PEG þegar skipt er yfir í Esperoct. Hjá sumum sjúklingum gætu mótefni gegn PEG hafa tengst minni virkni storkupáttar VIII en búist var við.

Börn

Ekki kom fram munur á öryggi þegar borin voru saman börn sem höfðu áður fengið meðferð og fullorðnir.

Hjá sumum sjúklingum sem höfðu ekki fengið meðferð áður hefur komið fram skammvinn minnkun á stigvaxandi endurheimt storkupáttar VIII án greinanlegra hemla storkupáttar VIII (sjá frekari upplýsingar í kafla 4.4).

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtnun

Ekki hefur verið greint frá einkennum vegna ofskömmtnunar raðbrigða storkupáttar VIII.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: blæðingalyf: storkupáttur VIII, ATC-flokkur: B02BD02.

Verkunarháttur

Turoctocog alfa pegol er hreinsaður raðbrigða manna storkupáttur VIII (rFVIII) með 40 kDa pólýetýlenglýkól (PEG) tengt við próteinið. Pólýetýlenglýkólið er tengt við O-tengdar fjölsýkrur í stytta B-svæði raðbrigða storkupáttar VIII (turoctocog alfa). Verkunarháttur turoctocog alfa pegols byggist á að koma í stað storkupáttar VIII sem er gallaður eða skortir hjá sjúklingum með dreyrásýki A.

Þegar turoctocog alfa pegol er virkjað af trombíni á blæðingarstað er B-svæðið, sem inniheldur PEG-hlutann, og a3-svæðið klofið frá og myndar þannig virkan raðbrigða storkupátt VIII (rFVIIIa) sem er svipaður að uppbyggingu og upprunalegur storkupáttur VIIIa.

Storkupáttur VIII/von Willebrand storkupáttarfléttan samanstendur af tveimur sameindum (storkupáttur VIII og von Willebrand storkupáttur) með mismunandi lífeðlisfræðilega verkun. Við inndælingu hjá sjúklingi með dreyrásýki binst storkupáttur VIII við von Willebrand storkupátt í blóðrás sjúklings. Virkjaður storkupáttur VIII verkar sem hjálparþáttur (cofactor) virkjaðs storkupáttar IX og hraðar umbreytingu á storkupætti X í virkjaðan storkupátt X. Virkjaður storkupáttur X umbreytir prótrombíninu í trombín. Trombín umbreytir síðan fibrínógeni í fibrín og kökkur getur myndast. Dreyrásýki A er arfgengur blóðstorkusjúkdómur sem tengist X-litningi og

stafar af lækkuðum gildum á storkupætti VIII:C sem leiðir til mikilla blæðinga inn á liði, vöðva eða innri líffæri, annað hvort af sjálfu sér eða vegna áverka í slysum eða við skurðaðgerðir. Með uppbótarmeðferð storkupáttar VIII eru gildi storkupáttar VIII í plasma hækkuð þannig að tímabundin leiðrétting á storkupáttarskorti og leiðrétting á blæðingarhneigð geti átt sér stað.

Verkun í fyrirbyggjandi meðferð og við meðhöndlun blæðingatilfella

Verkun Esperoct til að fyrirbyggja og meðhöndla blæðingar var rannsökuð í sjö framsýnum, fjölsetra klínískum rannsóknum. Allir sjúklingar voru með svæsna dreyrasýki A.

Til athugunar, blæðingatíðni á ársgrundvelli er ekki sambærileg milli mismunandi þéttni storkupáttar og milli mismunandi klínískra rannsókna.

Fyrirbyggjandi meðferð hjá fullorðnum/unglingum

Verkun Esperoct til að fyrirbyggja og meðhöndla blæðingar var metin í opinni rannsókn án samanburðar hjá unglingum og fullorðnum sjúklingum með svæsna dreyrasýki A 12 ára og eldri. Sýnt var fram á fyrirbyggjandi áhrif Esperoct hjá 175 sjúklingum sem fengu skammt sem nam 50 a.e. á hvert kg líkamsþyngdar á 4 daga eða 3–4 daga fresti (tvisvar í viku). Miðgildi blæðingatíðni á ársgrundvelli hjá fullorðnum og unglingum sem fengu Esperoct var 1,18 (fjórðungsbil IQR: 0,00;4,25), aftur á móti var tíðni sjálfsprottinna blæðinga á ársgrundvelli 0,00 (IQR: 0,00;1,82), blæðingatíðni á ársgrundvelli vegna áverka var 0,00 (IQR: 0,00;1,74) og blæðingatíðni í liðum á ársgrundvelli var 0,85 (IQR: 0,00;2,84). Þegar innsetningar eru meðtaldar (áætlað gildi sett í stað gagna sem vantar fyrir sjúklinga sem drógu sig úr rannsókn) var áætlað meðaltal blæðingartíðni á ársgrundvelli fyrir allar blæðingar 3,70 (95% CI: 2,94;4,66). Af 175 fullorðnum/unglingum sem fengu fyrirbyggjandi meðferð fengu 70 (40%) engar blæðingar. Árleg meðaltalsnotkun í fyrirbyggjandi meðferð var 4.641 a.e./kg.

Fullorðnir/unglingar með lága blæðingatíðni eða sem nam 0-2 blæðingarköstum á síðustu 6 mánuðum og höfðu fengið a.m.k. 50 skammta af Esperoct áttu kost á að vera slembiraðað til að fá fyrirbyggjandi meðferð á 7 daga fresti (75 a.e./kg á 7 daga fresti) eða 4 daga fresti (50 a.e./kg á 4 daga fresti). Samtals 55 af sjúklingunum 120 sem voru gjaldgengir völdu að vera slembiraðað (17 fengu skammt á 4 daga fresti og 38 fengu 75 a.e. á 7 daga fresti). Blæðingatíðni á ársgrundvelli fyrir slembiraðaða sjúklinga var 1,77 (0,59; 5,32) fyrir meðferð á 4 daga fresti og 3,57 (2,13;6,00) fyrir fyrirbyggjandi meðferð einu sinni í viku. Níu af þessum sjúklingum fengu aftur fyrirbyggjandi meðferð á 4 daga fresti á slembaða stigi rannsóknarinnar. Í heildina, að meðtöldum öllum framlengingarhlutum, skiptu 31 af 61 sjúklingi á fyrirbyggjandi meðferð á 7 daga fresti aftur í meðferð á 4 daga fresti.

Fyrirbyggjandi meðferð hjá sjúklingum sem hafa fengið meðferð áður (yngri en 12 ára)

Verkun og öryggi Esperoct sem fyrirbyggjandi meðferð og meðferð eftir þörfum á blæðingarköstum var metin í opinni stakarma rannsókn án samanburðar hjá 68 börnum yngri en 12 ára með svæsna dreyrasýki A. Sýnt var fram á fyrirbyggjandi áhrif Esperoct með meðal fyrirbyggjandi skammti sem nam 64,7 a.e. á hvert kg líkamsþyngdar sem var gefinn tvisvar í viku. Miðgildi og áætluð meðaltalblæðingatíðni á ársgrundvelli hjá börnum yngri en 12 ára sem fengu Esperoct tvisvar í viku var 1,95 og 2,13 (95% CI: 1,48; 3,06), aftur á móti var tíðni sjálfsprottinna blæðinga á ársgrundvelli 0,0 og 0,58 (95% CI: 0,24; 1,40), blæðingatíðni á ársgrundvelli vegna áverka var 0,0 og 1,52 (95% CI: 1,07; 2,17) og blæðingatíðni í liðum á ársgrundvelli var 0,0 og 1,03 (95% CI: 0,59; 1,81), tilgreint í sömu röð. Af 68 börnum yngri en 12 ára sem fengu fyrirbyggjandi meðferð fengu 29 (42,6%) engar blæðingar.

Árleg meðaltalsnotkun í fyrirbyggjandi meðferð var 6.475 a.e./kg.

Vegna þess hve rannsóknin stóð lengi yfir fóru nokkrir sjúklingar upp úr þeim aldurshópi sem þeir voru í við upphaf rannsóknar: sumir < 6 ára teljast líka til hópsins 6-11 ára og sumir 6-11 ára voru komnir upp í unglingaaldurshópinn. Helstu niðurstöður verkunar hjá sjúklingum < 12 ára, skipt upp eftir megin- og viðbótarfasa, eru teknar saman í töflu 4.

Tafla 4 Blæðingatiðni á ársgrundvelli (ABR) í rannsókninni hjá börnum sem höfðu fengið meðferð áður, skipt eftir aldurshópum (megin- og viðbótarfasi) – fullt greiningarmengi

	Meginfasi		Viðbótarfasi	
Aldur sjúklings*	0-5 ára (N=34)	6-11 ára (N=34)	0-5 ára (N=27)	6-11 ára (N=53)
Fjöldi blæðinga	30	32	41	134
Meðalmeðferðarlengd (ár)	0,46	0,51	4,79	4,86
Heildarblæðingatiðni á ársgrundvelli				
Poisson-áætlað meðaltal (95% CI)	1,94 (1,12; 3,36)	1,84 (1,08; 3,13)	0,32 (0,15; 0,66)	0,52 (0,35; 0,78)
Miðgildi (IQR)	1,94 (0,00; 2,08)	1,94 (0,00; 2,08)	0,22 (0,00; 0,44)	0,21 (0,00; 0,64)

*sumir sjúklingar teljast til beggja aldurshópa

Fyrirbyggjandi meðferð hjá sjúklingum sem hafa ekki fengið meðferð áður (yngri en 6 ára)

Verkun og öryggi Esperoct var metin í fjölþjóðlegri, opinni fasa III rannsókn án slembiröðunar. For-fyrirbyggjandi meðferð (valkvæm meðhöndlun blæðingatilfella eftir þörfum og/eða skammtar sem voru 60 a.e./kg gefnir með lengra millibili en viku þar til einstaklingurinn náði 20 útsetningardögum (EDs) eða náði 24 mánaða aldri) og fyrirbyggjandi meðferð á blæðingum voru metnar hjá 81 sjúklingi yngri en 6 ára með svæsna dreyrasýki A sem hafði ekki fengið meðferð áður. Af alls 81 sjúklingi byrjuðu 55 sjúklingar á for-fyrirbyggjandi meðferð og 42 af þeim sjúklingum skiptu síðan yfir í fyrirbyggjandi meðferð. Alls fengu 69 sjúklingar fyrirbyggjandi meðferðarskammt sem var að meðaltali 68,9 a.e. á hvert kg líkamspýngdar tvisvar í viku.

Sýnt var fram á fyrirbyggjandi áhrif Esperoct hjá sjúklingum yngri en 6 ára með svæsna dreyrasýki A sem höfðu ekki fengið meðferð áður með miðgildi blæðingatiðni á ársgrundvelli sem var 1,35 og áætlaðri meðaltalblæðingatiðni á ársgrundvelli sem var 1,76 (95% CI: 1,26; 2,46).

Árleg meðaltalsnotkun hjá sjúklingunum 69 sem höfðu ekki fengið meðferð áður í fyrirbyggjandi meðferð var 5.395 a.e./kg.

Helstu niðurstöður verkunar hjá sjúklingum á fyrirbyggjandi meðferð sem höfðu ekki fengið meðferð áður, skipt upp eftir megin- og viðbótarfasa, eru teknar saman í töflu 5.

Tafla 5 Blæðingatiðni á ársgrundvelli (ABR) í rannsókninni hjá börnum sem höfðu ekki fengið meðferð áður (megin- og viðbótarfasi) – fullt greiningarmengi

	Meginfasi (N = 69)	Viðbótarfasi (N = 55)
Fjöldi blæðinga	124	223
Meðalmeðferðarlengd (ár)	0,60	2,83
Heildarblæðingatiðni á ársgrundvelli		
Poisson-áætlað meðaltal (95% CI)	2,98 (2,16; 4,10)	1,43 (0,98; 2,10)
Miðgildi (IQR)	2,49 (0,00; 5,22)	0,73 (0,00; 2,57)

Í rannsókninni var samtals greint frá 56 aukaverkunum hjá 43 af 81 sjúklingi og samtals 80 alvarlegum aukaverkunum hjá 48 sjúklingum eftir útsetningu fyrir Esperoct.

Hjá 31 af 59 sjúklingum sem höfðu ekki fengið meðferð áður án hemla sást skammvinn minnkun á stigvaxandi endurheimt storkupáttar VIII eftir útsetningu fyrir Esporect. Hjá 17 sjúklingum sem ekki höfðu fengið meðferð áður var samfelld minnkun á stigvaxandi endurheimt, allir þessir einstaklingar mældust með and-PEG IgG mótefni. Ekki er hægt að útiloka tengsl milli and-PEG mótefna og lítillar stigvaxandi endurheimt.

Verkun Esperoct við meðhöndlun blæðingatilfella og við meðhöndlun eftir þörfum

Sýnt var fram á verkun Esperoct við meðhöndlun blæðingatilfella fyrir alla aldurshópa hjá sjúklingum sem höfðu fengið meðferð áður. Mikill meirihluti blæðinga sem voru meðhöndlaðar með Esperoct voru vægar eða miðlungsalvarlegar.

Heildarárangur hvað varðar blóðstorknun hjá sjúklingum sem höfðu fengið meðferð áður var 84,4%. Árangur hvað varðar blóðstorknun eftir aldurshópum hjá sjúklingum sem höfðu fengið meðferð áður var 89,4% (0–5 ára), 82,6% (6–11 ára), 78,9% (12–17 ára) og 84,9% (≥ 18 ára); og 94,2% allra blæðinga voru meðhöndluð á árangursríkan hátt með 1-2 inndælingum.

Sýnt var fram á verkun Esperoct við meðhöndlun blæðingatilfella hjá sjúklingum < 6 ára sem höfðu ekki fengið meðferð áður. Heildarárangur hvað varðar blóðstorknun var 91,9%; og 93,3% allra blæðinga voru meðhöndluð á árangursríkan hátt með 1-2 inndælingum.

Í lykilrannsókninni völdu 12 sjúklingar eldri en 18 ára að halda áfram á meðferð eftir þörfum. Hjá þessum sjúklingum voru 1.270 blæðingar meðhöndlaðar með meðalmeðferðarskammti, 37,5 a.e./kg (20-75 a.e./kg). 97% af heildarblæðingartilfellum voru meðhöndluð á árangursríkan hátt með 1-2 inndælingum af Esperoct.

Verkun Esperoct við skurðaðgerðir

Blæðingarstöðvunarhrif Esperoct við skurðaðgerðir voru metin í fjórum rannsóknum, þar af var ein sérstök rannsókn á skurðaðgerðum.

Í sérstöku rannsókninni á skurðaðgerðum voru framkvæmdar 49 skurðaðgerðir hjá 35 unglingum og fullorðnum sem höfðu fengið meðferð áður. Á aðgerðardegi fengu sjúklingarnir skammt sem var að meðaltali 55,7 a.e./kg (á bilinu: 27,2-86,2 a.e./kg) fyrir aðgerðina og skammtur eftir aðgerð var að meðaltali 30,7 a.e./kg (á bilinu: 10,1-58,8 a.e./kg). Heildarárangur Esperoct hvað varðar blóðstorknun meðan á stórrí skurðaðgerð stóð var 95,9% og í 47 af 49 stórum skurðaðgerðum var verkunin metin sem „frábær“ eða „góð“.

Í tveimur rannsóknum á börnum sem höfðu fengið meðferð áður (<12 ára) fóru 24 sjúklingar í 46 aðgerðir, af þeim var einungis ein aðgerð flokkuð sem stór aðgerð, með fullnægjandi blóðstorkuvirkni. Engir fylgikvillar komu fram í minni skurðaðgerðunum en ekki var fylgst með blóðstorkuvirkni og gildum FVIII meðan á aðgerðunum stóð. Hjá 26 börnum sem höfðu ekki fengið meðferð áður (<6 ára) í rannsókninni hjá börnum sem höfðu ekki fengið meðferð áður var greint frá fullnægjandi blóðstorkuáhrifum í öllum 4 stóru skurðaðgerðunum og í 25 af 30 minni aðgerðunum. Esperoct var gefið samkvæmt fyrirmælum rannsakanda í samræmi við skammtaráðleggingar.

5.2 Lyfjahlvörf

Samtals voru lyfjahlvörf 129 stakra skammta af Esperoct metin hjá 86 sjúklingum (þ.m.t. 24 börnum á aldrinum 0 til yngri en 12 ára).

Allar lyfjahvarfarannsóknir með Esperoct voru gerðar hjá sjúklingum sem höfðu áður fengið meðferð og voru með svæsna dreyrasyki A (storkuþáttur VIII < 1%). Sjúklingar fengu 50 a.e./kg í stökum skammti og blóðsýni voru tekin áður en lyfjagjöf fór fram og á mörgum tímapunktum allt að 96 klukkutímum eftir lyfjagjöf.

Helmingunartími Esperoct hjá fullorðnum var 1,6 sinnum lengri samanborið við lyf sem innihéldu ópegýlæðan storkuþátt VIII.

Lyfjahvarfabreytur

Samtals voru lyfjahvörf 108 stakra skammta af Esperoct 50 a.e./kg metin hjá 69 sjúklingum. Lyfjahvarfabreytur stakra skammta eru sambærilegar hjá ungum börnum (0 til yngri en 6 ára) og eldri börnum (6 til yngri en 12 ára), og hjá unglingum (12 til 17 ára) og fullorðnum (18 ára og eldri). Eins og gert hafði verið ráð fyrir virtist stigvaxandi endurheimt vera lægri um leið og úthreinsun að teknu tilliti til líkamsþyngdar virtist vera hærri hjá börnum í samanburði við fullorðna og unglunga. Í heild var tilhneiging til aukinnar stigvaxandi endurheimtar og minnkunar á úthreinsun (ml/klst./kg) með hærri aldri. Þetta jafngildir auknu dreifingarrúmmáli á hvert kg líkamsþyngdar hjá börnum samanborið við fullorðna (tafla 6). Lyfjahvarfabreytur stakra skammta sem ákvarðaðar voru eftir 28 vikna fyrirbyggjandi meðferð með Esperoct voru í samræmi við upprunalegu lyfjahvarfabreyturnar.

Lyfjahvarfabreytur stakra skammta af Esperoct eru taldar upp í töflu 6.

Tafla 6 Lyfjahvarfabreytur stakra skammta af Esperoct 50 a.e./kg hjá sjúklingum sem höfðu fengið meðferð áður, eftir aldri með notkun litmyndunarprófs (margfeldismeðaltal [CV%])

Lyfjahvarfabreyta	0 til yngri en 6 ára (N=13)	6 til yngri en 12 ára (N=11)	12 til yngri en 18 ára (N=3)	18 ára og eldri (N=42)
Fjöldi tilvika	13	11	5	79
IR (a.e./dl) á hverja a.e./kg ^a	1,80 (29)	1,99 (25)	2,79 (12)	2,63 (22)
Hámarksvirkni storkubáttar VIII (a.e./dl) ^a	101,2 (28)	119,6 (25)	133,2 (9)	134,4 (23)
t _{1/2} (klst.)	13,6 (20)	14,2 (26)	15,8 (43)	19,9 (34)
AUC _{inf} (a.e.*klst./dl)	2.147 (47)	2.503 (42)	3.100 (44)	3.686 (35)
CL (ml/klst./kg)	2,6 (45)	2,4 (40)	1,5 (43)	1,4 (32)
Vss (ml/kg)	44,2 (34)	41,2 (25)	33,4 (10)	37,7 (27)
MRT (klukkustundir)	17,0 (22)	17,3 (31)	21,7 (45)	25,2 (29) ^b

Skammstafanir: AUC = flatarmál undir virknitímaferli storkubáttar VIII; t_{1/2} = loka helmingunartími; MRT = meðaldvalartími; CL = úthreinsun; Vss = dreifingarrúmmál við jafnvægi; IR = stigvaxandi endurheimt.

^a Mat á stigvaxandi endurheimt og storkubætti VIII fór fram 30 mínútum eftir gjöf lyfsins hjá sjúklingum 12 ára og eldri og 60 mínútum eftir gjöf (fyrsta sýni) hjá börnum yngri en 12 ára.

^b Útreikningur á grundvelli 67 tilvika.

Í rannsókninni á börnum sem höfðu ekki fengið meðferð áður var stigvaxandi endurheimt metin hjá 46 sjúklingum yngri en 6 ára eftir fyrstu lyfjagjöf, með margfeldismeðaltal (CV%) 1,76 (34) [a.e./dl]/[a.e./kg]. Hjá 17 af 59 sjúklingum án hemla sem höfðu ekki fengið meðferð áður kom stigvaxandi endurheimt fram tvisvar eða oftar innan 5 til 10 útsetningardaga (sjá frekari upplýsingar í kafla 4.4).

Meðaltalslágvirkni FVIII fyrir sjúklinga sem hafa fengið meðferð áður og sjúklinga sem hafa ekki fengið meðferð áður, eftir aldri, er tekin saman í töflu 7.

Tafla 7 Áætluð meðaltalslágvirkni FVIII fyrir sjúklinga sem hafa fengið meðferð áður og sjúklinga sem hafa ekki fengið meðferð áður, eftir aldri

Lágvirkni FVIII	Sjúklingar sem hafa fengið meðferð áður 60 a.e./kg Esperoct fyrirbyggjandi meðferð tvisvar í viku		Sjúklingar sem hafa fengið meðferð áður 50 a.e./kg Esperoct fyrirbyggjandi meðferð 4.hvern dag		Sjúklingar sem hafa ekki fengið meðferð áður 60 a.e./kg Esperoct fyrirbyggjandi meðferð tvisvar í viku
Aldurhópur við upphaf rannsóknar	0-5 ára	6-11 ára	12-17 ára	≥18 ára	0-5 ára
Fjöldi sjúklinga að baki greiningunni	31	34	23	143	81
Fjöldi lággilda í greiningunni	144	161	112	722	355
Fjöldi lággilda undir LLOQ	62	43	16	107	128 ^a
Niðurstöður blandaðs líkans ^b :					
	1,2	2,0	2,7	3,0	1,5
Meðaltalslágvirkni FVIII (a.e./dl)	0,8; 1,6	1,5; 2,7	1,8; 4,0	2,6; 3,5	1,1; 1,9
95% CI					

Skammstafanir: LLOQ = neðri mörk magngreiningar

^a Virknigildi í plasma undir neðri mörkum magngreiningar (LLOQ) 0,009 a.e./ml jafngilda hálfu LLOQ (0,0045 a.e./ml).

^b blandað líkan fyrir log-breytta virkni FVIII í plasma með aldurshóp sem föst áhrif og sjúkling með slembiáhrif. Aðskilin líkön eru gerð fyrir hverja fyrirbyggjandi meðferð (þ.e. fyrir hverja skammtatíðni). Lággildið er sett fram umbreytt yfir í náttúrulegan skala (back-transformed). Einungis mælingar sem teknar voru við jafnvægi áður en lyfjagjöf fór fram fyrir hverja fyrirbyggjandi meðferð eru með í greiningunni.

Meðaltalslágstyrkur virknistigs storkupáttar VIII í plasma við jafnvægi í fyrirbyggjandi meðferð með Esperoct í skammtinum 50 a.e./kg á 4 daga fresti er 3,0 a.e./dl (95% CI: 2,6; 3,4) hjá sjúklingum 12 ára og eldri.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Forklínískar upplýsingar benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli hefðbundinna rannsókna á lyfjafræðilegu öryggi og eiturverkunum eftir endurtekna skammta.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Stungulyfsstofn

Natríumklóríð

L-histidín

Súkrósi (E 473)

Pólýsorbit 80 (E 433)

L-metiónín

Kalsíumklóríðdíhýdrat

Natríumhýdroxíð (til að stilla sýrustig) (E 524)

Saltsýra (til að stilla sýrustig) (E 507)

Leysir

Natríumklóríð

Vatn fyrir stungulyf

6.2 Ósamrýmanleiki

Ekki má blanda þessu lyfi saman við önnur lyf eða leysa það upp með öðrum stungulyfjum en meðfylgjandi natríumklóríðleysi, því rannsóknir á samrýmanleika hafa ekki verið gerðar.

Ekki má gefa blandaða lyfið í slöngu eða ílát með öðrum lyfjum.

6.3 Geymslupól

Óopnað hettuglas (fyrir blöndun):

3 ár ef geymt er í kæli (2 °C – 8 °C).

Innan geymslupólstíma lyfsins má geyma það við:

- stofuhita ($\leq 30\text{ °C}$) í eitt tímabil ekki lengur en í 1 ár

eða

- hærri hita en stofuhita ($> 30\text{ °C}$ til allt að 40 °C) í eitt tímabil ekki lengur en í 3 mánuði

Þegar lyfið hefur verið geymt utan kælis má ekki geyma það aftur í kæli.

Skrifið upphaf geymslutíma utan kælis og geymsluhitastig á þar til gert svæði á öskjunni.

Eftir blöndun (500 a.e., 1.000 a.e., 1.500 a.e., 2.000 a.e., 3.000 a.e.)

Sýnt hefur verið fram á efna- og eðlisfræðilegan stöðugleika meðan á notkun stendur í:

- 24 klst. í kæli (2 °C – 8 °C) eða
- 4 klst. við $\leq 30\text{ °C}$ eða
- 1 klst. við hita milli $> 30\text{ °C}$ og 40 °C, einungis ef lyfið var geymt við hærri hita en stofuhita ($> 30\text{ °C}$ til allt að 40 °C) fyrir blöndun ekki lengur en í 3 mánuði.

Eftir blöndun (4.000 a.e., 5.000 a.e.)

Sýnt hefur verið fram á efna- og eðlisfræðilegan stöðugleika meðan á notkun stendur í:

- 24 klst. í kæli (2 °C – 8 °C) eða
- 4 klst. við $\leq 30\text{ °C}$.

Frá örverufræðilegu sjónarmiði skal nota lyfið strax eftir blöndun. Ef lausnin er ekki notuð strax eru geymslutímar og geymsluskilyrði fyrir notkun á ábyrgð notenda og almennt er ekki mælt með að geyma hana lengur en tilgreint er hér að framan, nema blöndun hafi farið fram við stýrðar og gildaðar smitgátaraðstæður.

Blönduðu lausnina skal geyma í hettuglasinu.

6.4 Sérstakar varúðarreglur við geymslu

Geymið í kæli (2 °C – 8 °C). Má ekki frjósa.

Geymið í upprunalegum umbúðum til varnar gegn ljósi.

Á við um 500 a.e., 1.000 a.e., 1.500 a.e., 2.000 a.e., 3.000 a.e.

Geymsla við stofuhita ($\leq 30\text{ }^{\circ}\text{C}$) eða allt að $40\text{ }^{\circ}\text{C}$ og geymsluskilyrði eftir blöndun lyfsins, sjá kafla 6.3.

Á við um 4.000 a.e., 5.000 a.e.

Geymsla við stofuhita ($\leq 30\text{ }^{\circ}\text{C}$) og geymsluskilyrði eftir blöndun lyfsins, sjá kafla 6.3.

6.5 Gerð íláts og innihald

Hver pakkning af Esperoct inniheldur:

- 1 hettuglas úr gleri (gerð I) með stungulyfsstofni, lokuðu með klóróbútýlgúmmítappa, álinnsigli og smelluloki úr plasti
- 1 sæft millistykki fyrir hettuglas til blöndunar
- 1 áfyllt sprauta með 4 ml af leysi með bakflæðisvörn (pólýprópýlen), gúmmístimpli (brómóbútýl) og sprautuhettu úr gúmmí (brómóbútýl)
- 1 stimpilstöng (pólýprópýlen).

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun og önnur meðhöndlun

Esperoct á að gefa í bláæð eftir að stungulyfsstofninn hefur verið blandaður með leysinum sem er í meðfylgjandi sprautu. Eftir blöndun er lausnin tær og litlaus vökvi án sjáanlegra agna. Skoða skal blandaða lyfið með tilliti til agna og litabreytinga áður en það er gefið. Lausnin á að vera tær og litlaus. Ekki má nota lausnir sem eru skýjaðar eða innihalda agnir.

Sjá leiðbeiningar í fylgiseðli um blöndun lyfsins fyrir gjöf.

Hraða inndælingar skal ákveða með hliðsjón af líðan sjúklings, og skal taka u.þ.b. 2 mínútur.

Einnig þarf að hafa innrennslissett (fiðrildanál með slöngu), sæfðar sprittþurrkur, grisju og plástra við hendina. Þessi búnaður fylgir ekki með í Esperoct pakkningunni.

Ávallt skal viðhafa smitgát.

Förgun

Fargið sprautunni með innrennslissettinu og hettuglasinu með millistykkinu á öruggan hátt eftir inndælingu.

Farga skal öllum lyfjaleifum og/eða úrgangi í samræmi við gildandi reglur.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Novo Nordisk A/S
Novo Allé
DK-2880 Bagsværd
Danmörk

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/19/1374/001
EU/1/19/1374/002
EU/1/19/1374/003
EU/1/19/1374/004
EU/1/19/1374/005
EU/1/19/1374/006
EU/1/19/1374/007

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS / ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 20.júní 2019
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis:

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.

VIÐAUKI II

- A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG
FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR
LOKASAMÞYKKT**
- B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG
NOTKUN**
- C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS**
- D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG
VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS**

A. FRAMLEIÐENDUR LÍFFRÆÐILEGRA VIRKRA EFNA OG FRAMLEIÐENDUR SEM ERU ÁBYRGIR FYRIR LOKASAMÞYKKT

Heiti og heimilisfang framleiðenda líffræðilegra virkra efna

Novo Nordisk US Bio Production Inc.
9 Technology Drive
West Lebanon
New Hampshire
03784
Bandaríkin

Heiti og heimilisfang framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir lokasamþykkt

Novo Nordisk A/S
Novo Allé
DK-2880 Bagsværd
Danmörk

B. FORSENDUR FYRIR, EÐA TAKMARKANIR Á, AFGREIÐSLU OG NOTKUN

Ávísun lyfsins er háð sérstökum takmörkunum (sjá viðauka I: Samantekt á eiginleikum lyfs, kafla 4.2).

C. AÐRAR FORSENDUR OG SKILYRÐI MARKAÐSLEYFIS

• **Samantektir um öryggi lyfsins (PSUR)**

Skilyrði um hvernig leggja skal fram samantektir um öryggi lyfsins koma fram í lista yfir viðmiðunardagsetningar Evrópusambandsins (EURD lista) sem gerð er krafa um í grein 107c(7) í tilskipun 2001/83/EB og öllum síðari uppfærslum sem birtar eru í evrópsku lyfjavefgáttinni.

D. FORSENDUR EÐA TAKMARKANIR ER VARÐA ÖRYGGI OG VERKUN VIÐ NOTKUN LYFSINS

• **Áætlun um áhættustjórnun**

Markaðsleyfishafi skal sinna lyfjagátaraðgerðum sem krafist er, sem og öðrum ráðstöfunum eins og fram kemur í áætlun um áhættustjórnun í kafla 1.8.2 í markaðsleyfinu og öllum uppfærslum á áætlun um áhættustjórnun sem ákveðnar verða.

Leggja skal fram uppfærða áætlun um áhættustjórnun:

- Að beiðni Lyfjastofnunar Evrópu.
- Þegar áhættustjórnunarkerfinu er breytt, sérstaklega ef það gerist í kjölfar þess að nýjar upplýsingar berast sem geta leitt til mikilvægra breytinga á hlutfalli ávinnings/áhættu eða vegna þess að mikilvægur áfangi (tengdur lyfjagát eða lágmörkun áhættu) næst.

- **Skylda til aðgerða eftir útgáfu markaðsleyfis**

Markaðsleyfishafi skal ljúka eftirfarandi innan tilgreindra tímamarka:

Lýsing	Tímamörk
